

## Ávarp stjórnarformanns Ingibjargar Aspar Stefánsdóttur



Ljósmynd: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Þekkt tilvitnun í Albert Einstein segir. Skip eru alltaf örugg við bryggju en til þess voru þau ekki byggð. Hið sama mætti ef til vil segja um rekstur Hörpu og dagleg störf. Við gætum auðvitað farið öruggu leiðina, legið við bryggju og notið þar eins og takmarkandi aðstæður bjóða. En til þess var

Harpa ekki byggð og þannig viljum við ekki nálgast verkefnið.

Harpa gegnir mikilvægu hlutverki í að auðga andann, hreyfa við okkur og tengja okkur við mennskuna sjálfa, það er menning. Stórkostlegir menningarviðburðir í bland við mikilvægar ráðstefnur um ferðaþjónustu og nemendasýningar. Fermingarbörn hjá Siðmennt ganga beint út í fangið á tökuliði Netflix sem vinnur að tökum á hasarmynd með tilheyrandi sprengingum. Og svo er það birtingamynd uppsafnaðrar aðdáunar þegar 1300 ferðamenn koma frá Bandaríkjunum til að sækja tónleika hjá sömu hljómsveit þrjú kvöld í röð.

Harpa hefur einnig ríkar skyldur við atvinnulífið, sér í lagi ferðaþjónustuna sem er burðarstoð í íslensku atvinnulífi. Tækifærin er mörg og mikilvægt að hvert eitt og einasta sé nýtt. Forsenda þess er að skipið sé leyst frá bryggju og áhætta tekin þó allt sé innan skynsamlegra marka.

Það er ekki nýtt að stjórnmalafólk taki afstöðu með menningunni þegar að kreppir og á 10 ára afmælishátíð Hörpu í maí síðastliðnum rifjuðum við upp þekkt ummæli breska forsætisráðherrans Winston Churchill sem tók ákvörðun um aukin framlög til menningar

og lista á krefjandi tímum þegar þjóðin stóð í stríði. Gagnrýni á þessa ákvörðun svaraði hann með þekktri spurningu: „Fyrir hverju erum við þá að berjast?“ Við rifjuðum líka upp að á sama tíma börðust íslenskir stjórnámálmenn fyrir því að fá handritin heim og því að Þjóðleikhús opnaði en hvoru tveggja var ómetanlegt fyrir sjálfsmýnd og sjálfstæði þjóðarinnar. Það er mikil gæfa að framsýnir íslenskir stjórnámálmenn taki afstöðu með menningu og listum.

Á aðalfundi Hörpu fyrir ári síðan fluttum við fyrir hönd Hörpu eigendum og fulltrúum þeirra bestu þakkir fyrir traust og gott samstarf og mikinn skilning á erfiðum aðstæðum. Þær þakkir er óhætt að endurtaka nú.

Það hefði ekki þurft neinn sérstakan bölsýnismann til að draga upp þá mynd að hér værum við að dusta rykið af innanstokksmunum og skipulagi sem lagst hefði í dvala í upphafi covid tíma. Staðreyndin er hins vegar allt önnur. Ráðist hefur verið í fjölda verkefna á þessum tíma, sum snúa að viðhaldi húsnæðis og búnaðar. Önnur eru til þess fallin að styðja þróun á starfsemi og fyrirbyggjandi stefnumótun.

Framsýni, skilningur og hugrekki starfsmanna, stjórnenda og eigenda gerir okkur nú kleift að opna Hörpu og mæta gestum stolt af þeim breytingum sem staðið hafa yfir. Allar eru þær til þess fallnar að styrkja upplifun gesta og öfluga ímynd, auka gæði og bæta rekstur.

Sem dæmi um viðhaldstengd verkefni má nefna led væðingu í framhúsi og sölum hússins, umfangsmikið verkefni sem bæði er kostnaðarsamt og tímafrekt. Það hefði krafist mikilla lokana á rýmum og í eðlilegu ári mikið tekjutap en nú erum við komin til nútímans í þessum efnunum, rekstrarkostnaður lækkar og gæðin aukast.

Hvað framkvæmdir varðar eru þó breytingar á jarðhæðinni fyrirferðamestar en samhliða þeim voru gerðir samningar við nýja rekstraraðila um verslun og þjónustu. Allar þessar breytingar og þeir samningar sem gerðir hafa verið styðja stefnu Hörpu varðandi það að vera allt í senn heimavöllur og heimssvið og styrkja upplifun okkar gesta.

Það gera sömuleiðis gjafir sem Hörpu voru færðar í tilefni af 10 ára afmælis í maí mánuði. Veisluhöld sem höfðu verið ráðgerð tóku breytingum en engu að síður urðu til falleg

augnablik til upplifunar og miðlunar. Eigendur Hörpu færðu húsinu að gjöf nýjan konsert flygil sem sérstaklega hafði verið valinn fyrir Eldborg og að auki Vindhörpu, útilistaverk eftir Elínu Hansdóttur sem mun prýða Hörputorg þegar fram líða stundir. Ógleymanlegur flutningur 10 ára barna á afmælislaginu, heimsókn Concertgebouw í húsið og fleiri augnablik römmuðu svo afmælishaldið allt fallega inn. Það var sannarlega gott að finna stolt og hlýhug fólks í tengslum við þessi tímamót og viðburði á afmælisárinu. Það eiga margir hlutdeild í Hörpu og þeim góðu minningum og sigursögum sem þegar hafa orðið til í þessu magnaða listaverki okkar.

Í tengslum við afmælisfögnuð og annað starf á árinu hafa íbúar hússins, viðburðahaldarar og aðrir samstarfsaðilar okkar sömuleiðis sýnt eistakan dug og metnað til að halda úti og aðlaga starfsemi að síbreytilegum reglum og viðmiðum. Súrefnið sem við þurfum kemur í húsið með þessum aðilum en óhætt er að segja að áskoranir covid tíma hafi aukið enn frekar á sköpunargleði, útsjónarsemi og traust í því samstarfi. Þetta á jafnt við um fasta íbúa hússins, viðburðahaldara og þá sem hafa ráðist fjárfestingar og samningagerð um starfsemi í húsi sem ekki er opið á þeim tíma. Þessir aðilar hafa sannarlega sýnt að þeir trú á Hörpu og hafa sýnt trú sína og skilning á mikilvæginu í verki.

Í Hörpu felast ótrúleg tækifæri til verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag. Verðmætin sem Harpa skapar eru ekki öll sýnileg í ársreikningi félagsins – þau eru hins vegar mikilvæg forsenda fyrir árangri á ýmsum öðrum sviðum samfélagsins, að ekki sé minnst á bætt lífsgæði þeirra sem njóta. Takk kæru íbúar Hörpu, gamlir og nýir, fyrir traust og gott samstarf, við erum þó bara rétt að byrja.

Það er útilokað að segja skilið við breytingar á jarðhæð án þess að nefna nýjustu skrautfjöðrina í okkar hatt, Hljóðhimnana sjálfa. Með opnun hljóðhimna stígum við sannarlega stórt skref í átt að okkar yngstu gestum, fjölskyldum og í raun öllum þeim sem hafa áhuga á að læra og njóta. Hljóðhimnar eru enn eitt listaverkið í listaverkinu. Ótrúleg natni og næmni fyrir því hvers konar heima má skapa fyrir börn til að auka áhuga og fræða á skemmtilegan og skapandi hátt. Að verkinu kom stór hópur ólíkra aðila og færi ég þeim öllum þakki fyrir þetta magnaða verk.

Þó covid hafi verið okkur erfitt á margan hátt þá megum við ekki horfa fram hjá því að á þessum sérstaka tíma lærðum við líka margt nýtt. Við vorum tilneydd að staldra við, endurmeta og endurhugsa hluti. Nú er mikilvægt að við sameinumst um að velja vel hvað af nýjum siðum, tækni og viðmiðum við ætlum að taka með okkur í nýja tíma og hvað köflum við ætlum að loka með covid kaflanum. Í þessum efnum þarf að taka upplýstar og meðvitaðar ákvarðanir en ekki að leyfa sjálfstýringunni og vananum að ráða för. Þó Teams og heimavinna skapi sannarlega tækifæri fylgja því líka áskoranir, þó staðfundir leysi nú í auknu mæli fjarfundi af hólmi þá eru allar líkur á að fólk vilji vinna með hvoru tveggja sem sannarlega flækir málin. Það getur orðið flókið að ná til starfa einstaklingum sem hurfu til annarra starfa í lokunum og þannig mætti lengi telja.

Það er því mikil blessun að við höfum í Hörpu ótrúlegan hóp starfsmanna til að takast á við þessar breytingar. Sá hópur hefur enn verið efldur á síðustu misserum þar sem við fáum inn aukinn styrk til að takast á við nýjar áskoranir. Starfsmannahópur Hörpu er í úrvalsdeildinni, þjálfarteymið er geggjað, margreynt og með skýra sýn um hvert það ætlar með liðið. Þessi hópur kann að takast á við breytingar og því óttast ég ekki þessar eftir covid áskoranir sem ég nefndi hér áðan. Í því, eins og öðru, veit ég að ekkert verður gefið eftir í því að nýta öll færi sem gefast og að aldrei er slakað á í því að gera gott starf enn betra. Þó agi og sköpun kunni að hljóma sem gagnkvæmt útilokandi hugtök í þessu sambandi þá er það ekki svo. Hvoru tveggja kemur í sögu í daglegum störfum og einn svona fundur nægir ekki til að telja upp alla þá ferla, kerfi og starfshætti sem verið er að innleiða eða þau viðfangsefni sem koma við sögu í dagskrárgerð, viðhaldi hússins og búnaðar. Kærar þakkir til ykkar kæra starfsfólk, það er gott að vita af Hörpu í ykkar höndum.

Í upphafi árs kvöddum við í stjórn Hörpu góða samstarfskonu og félagu en Arna Schram lést 11. janúar. Arna Schram var sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg tók sæti í stjórn Hörpu í september 2017 og hafði þjónað því hlutverki um rúmlega fjögurra ára skeið þegar hún lést þann 11. janúar sl. Andlát hennar var reiðarslag þrátt fyrir að hún hafi háð hetjulega baráttu við illvígan sjúkdóm um nokkurn tíma.

Arna var frábær samstarfskona, fagmanneskja og eldhugi sem bar hag Hörpu heilshugar fyrir brjósti. Hún var ekki síst ötull talsmaður þess að húsinu yrði gert kleift að sinna sem best menningarlegu hlutverki sínu. Samstarfið innan stjórnar Hörpu er einstaklega gott og Arna lagði sitt að mörkum til þess að umræður væru opnar og ákvarðanataka vönduð.

Harpa þakkar innilega fyrir samfylgdina – Örnú Schram verður sárt saknað.

Stjórn Hörpu fundaði 12 sinnum á árinu og endurskoðunarnefnd 4 sinnum. Líkt og með aðra starfsemi í Hörpu hefur stjórnin verið einbeitt í að velta stöðugt við öllum steinum í leit að tækifærum til að gera betur í okkar störfum. Það hafa verið einstök forréttindi að starfa með hópi öflugs fólks á vettvangi stjórnar og í endurskoðunarnefnd. Fulltrúar úr stjórn hafa einnig setið í hópi í tengslum við breytingar á jarðhæð og komið að öðrum verkefnum. Stjórnarmönnum flyt ég bestu þakkir fyrir óeigingjarnt starf þar sem metnaðarfull sýn, hreinskiptni, gleði og traust hafa einkennt alla framgöngu.

Nýrrar stjórnar bíða áfram miklar áskoranir en það er eftirsóknarvert að fá tækifæri til að fylgja eftir mikilvægum verkefnum sem bíða okkar hér eftir krefjandi ár sem að baki eru.

Ég hóf þetta ávarp á tilvitnun í Einstein og langar að ljúka því á annarri tilvitnun sem mér finnst eiga vel við. Þar er ég reyndar að vísa til einstaklings af annarri kynslóð sem tókst á við annars konar verkefni en þannig er Harpa líka, það eiga allir erindi. Ef þú vilt upplifa regnbogann verður þú að umbera rigninguna. Þetta sagði Dolly Parton listamaður og hafði þá, líkt og með níu til fimm vinnuna, nokkur lög að mæla. Þetta höfum við sannarlega gert og framundan eru bjartir tímar hér í Hörpu, ég hlakka til að njóta þeirra með ykkur.

6. apríl 2022

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir.